

Fundur í fagráði nautgriparæktar 29. september 2016

Fundargerð

Fundurinn var haldinn í nautastöðinni á Hesti og hófst kl. 11.00.

Mættir: Guðný Helga Björnsdóttir, formaður, Gunnar Kr. Eiríksson, Pétur Diðriksson, Þórarinn Leifsson, Björn S. Gunnarsson, Baldur Helgi Benjamínsson og Guðmundur Jóhannesson er ritaði fundargerð. Sveinbjörn Eyjólfsson og Þorsteinn Ólafsson sátu fundinn undir lið 2. Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir boðaði forföll.

Dagskrá:

1. Fundarsetning og fundargerð síðasta fundar
2. Staðan á Nautastöðinni
3. Helstu niðurstöður kynbótamats í september 2016
4. Afkvæmadómur og naut í notkun
5. Naut í uppeldi
6. Verð á nautkálfum
7. SpermVital
8. Úrval út frá erfðamengi
9. Önnur mál

1. Fundarsetning og fundargerð síðasta fundar.

Guðný Helga, formaður, setti fund og stýrði honum.

Fundargerð, dags. 13. júní 2016, samþykkt án athugasemda, en áður hafði hún verið afgreidd óformlega í tölvupósti.

2. Staðan á Nautastöðinni

Sveinbjörn fór yfir stöðuna á Nautastöðinni og sagði fjölgun sæðinga hafa snert starfsemina töluvert sem fælist í mun meiri útsendingu sæðis. Sæðistaka hefði hins vegar gengið mjög vel enda eins gott þar sem eftirspurn eftir ungnautasæði væri mikil.

Þá sagði hann frá því að innan fárra vikna yrði skipt yfir í minni strá, þ.e. „mini“-strá í stað „medium“-stráa. Þetta ætti ekki að breyta miklu fyrir sæðingastarfsemina, hægt væri að fá sæðingataeki sem tækju báðar gerðir stráa.

Hann talaði líka um að framundan væru töluverð tækjakaup þar sem verið væri að horfa til nýrrar áfyllingarvélar og tölvustýrðs frystis. Frystirinn, sem væri töluvert dýr, myndi tryggja jafnbetri frystingu. Hins vegar nyti stöðin ákaflega góðra og tryggra viðskipta um áratuga skeið við IMV í Frakklandi og myndi því fá þennan tækjabúnað á ákaflega góðum kjörum.

Á þessu ári er búið að taka um 160 þús. skammta og því útlit fyrir að heildarsæðistaka ársins verði um 190-200 þús. skammtar.

Aðeins rennt yfir sæðisbirgðir úr reyndum nautum í notkun og síðan fór Þorsteinn aðeins yfir sæðisgæði.

3. Helstu niðurstöður kynbótamats í september 2016.

Guðmundur fór yfir helstu niðurstöður kynbótamats í september 2016. Í meginráttum standa þau reyndu naut sem eru í notkun við fyrri dóm. Nautaárgangurinn 2010 kemur vel út og þar er að finna sterk naut í seinni hluta árgangsins en mestur hluti árgangsins er kominn með lágmarksfjölda dætra með afurðamat. Árgangurinn telur samtals 28 naut og af þeim eru 16 komin með lágmarksfjölda dætra bak við afurðamatið. Faðerni nautanna í árgangnum er dreift en flesta syni á Síríus 02032 eða 5 talsins. Meginlínur eru þær að synir Síríusar 02032 virðast bæta júgurgerð og mjaltir umtalsvert, synir Glæðis 02001 er sterkir hvað júgurgerð snertir en synir Skurðs 02012 gefa fullþungar mjaltir.

4. Afkvæmadómur og naut í notkun.

Farið yfir niðurstöður kynbótamats einstakra nauta og ákveðið að eftirtalin naut verði áfram í dreifingu sem reynd naut næstu mánuði: Keipur 07054, Blámi 07058, Blómi 08017, Þáttur 08021, Gustur 09003, Bolti 09021, Strákur 10011, Fossdal 10040 og Bætir 10086

Ný naut í dreifingu verði: Kústur 10061, Lúður 10067, Sólon 10069, Dropi 10077, Neptúnus 10079, Úranus 10081 og Úlli 10089.

Eftirtalin naut verða tekin úr dreifingu:

Logi 06019 – fullnotaður,
Rjómi 07017 – lítil notkun undanfarna mánuði,
Flekkur 08029 – lítil notkun undanfarna mánuði, sæði nánast uppuríð,
Gói 08037 – lítil notkun undanfarna mánuði,
Gæi 09047 – lítil notkun undanfarna mánuði,
Ferill 09070 – lágt fanghlutfall,
Dráttur 09081 – lítil notkun undanfarna mánuði,
Drangi 10031 – lítil notkun undanfarna mánuði,

Nautsfeður til notkunar næstu mánuði verði: Strákur 10011, Lúður 10067, Dropi 10077, Úranus 10081 og Úlli 10089.

Ákveðið að eftirtalin naut hljóti C-dóm og öllu sæði verði hent:

Spaði 10003 – slakar mjaltir, heildareinkunn 107,
Þvali 10008 – lág efnahlutföll og slök júgurgerð, heildareinkunn 101,
Muni 10018 – mjög lág efnahlutföll, slakar mjaltir, heildareinkunn 105,
Ostur 10023 – lítil afurðageta og lítil júgurhreysti, heildareinkunn 99,
Eskill 10027 – lág efnahlutföll, slök spenagerð, heildareinkunn 101,
Ómur 10062 – lítil afurðageta, heildareinkunn 98.

Ákvörðun um besta naut 2009 árgangsins frestað til næsta fundar.

5. Naut í uppeldi.

Guðmundur fór yfir keypta nautkálfa á árinu 2015 og það sem af er árinu 2016, faðerni þeirra og afdrif fram að þessu.

6. Verð á nautkálfum.

Erindi frá NBÍ um verð á nautkálfum. Fagráð leggur til að verð fyrir lífið verði óbreytt, kr. 27.600, en verð fyrir fóðrun á dag hækki í 810 kr/dag.

7. Spermvital.

Lagt fram minnisblað frá Guðmundi varðandi SpermVital. Baldur Helgi fór yfir stöðu málsins og sagði frá heimsókn SpermVital hingað til lands. Beðið væri skýrslu frá SpermVital varðandi búnað og aðstöðu í Nautastöðinni.

Fagrað mjög áfram um það að Nautastöðin komi notkun á SpermVital til framkvæmda svo fljótt sem verða má.

8. Úrval út frá erfðamengi.

Guðný Helga sagði frá fundi sem fagrað stóð fyrir varðandi úrval út frá erfðamengi sem haldinn var að Keldnaholti í byrjun september. Í framhaldi hafa Bændasamtök, Landssamband kúabænda og Landbúnaðarháskólinn skipað fulltrúa í faghóp um verkefnið. Í þeim hópi eru Sigurður Eypórsson frá BÍ, Margrét Gísladóttir frá LK og Jón Hallsteinn Hallsson frá Lbhí. Baldur Helgi Benjamínsson hefur verið ráðinn verkefnisstjóri.

Baldur Helgi fór yfir stöðu málsins og hver væru fyrstu skref. Hann sagðist nú þegar hafa sett sig í samband við danska sérfræðinga sem hefðu tekið því vel að veita sérfræðiaðstoð. Baldur sagði að fyrir lægi að sækja um fjármuni til verkefnisins og síðan væri ekki eftir neinu að bíða. Að öllum líkindum yrði fyrsta skrefið að rannsaka „linkage disequilibrium“ og þá að öllum líkindum í Danmörku með aðstoð danskra sérfræðinga varðandi útreikninga og túlkun niðurstaðna. Að þeirri rannsókn lokinni væri hægt að skipuleggja næsta skref ítarlegar.

Fagrað er mjög áfram um að verkefninu verði hrundið af stað sem allra fyrst.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Guðný Helga Björnsdóttir

Guðmundur Jóhannesson

Gunnar Kr. Eiríksson

Pétur Diðriksson

Þórarinn Leifsson

Baldur Helgi Benjamínsson

Björn S. Gunnarsson

Fylgiskjöl:

1. Fundargerð 13. júní 2016
2. Niðurstöður kynbótamats í september 2016
3. Yfirlit um sæðisbirgðir á Nautastöð BÍ
4. Yfirlit um keypta nautkálfa á árinu 2015
5. Minnisblað um SpermVital
6. Minnisblað frá Nautastöð BÍ um greiðslur fyrir nautkálfa